



Ársskýrsla Fjölbautaskóla Vesturlands 2017

1. Stærð skóla: Húsnæði, fjöldi starfsmanna og nemenda, brautskráðir nemendur

Húsnæðið sem skólinn starfar í er rúmlega 7.330 fermetrar auk rúmlega 1.250 fermetra heimavistar. (Sjá nánar um húsnæði skólans í rammanum hér að neðan til hægri.)

Kennarar voru 46 talsins á haustönn 2017. Þessir kennarar voru í samtals 40,5 stöðugildum. Af kennurunum voru 12 í hlutastarfi. Í fullu starfi voru 34, auk þess voru tveir kennarar í námsorlofi.

Taflan sýnir skiptingu hópsins eftir aldri og kyni.

Aldur í árum	Í fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20 - 29	2	1	1	0
30 - 39	1	3	2	1
40 - 49	1	4	1	4
50 - 59	7	5	1	1
60 - 69	6	3	1	1

Allir kennarar nema fimm í fullu starfi voru með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum. Taflan sýnir yfirlit yfir formlega menntun þeirra.

Menntun	Í fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
MA/MS/PhD+UK	8	8	3	1
BA/BS+UK	1	7	2	6
BA/BS	1	1		
Iðnmeistari+UK	4	0	0	0
Iðnmeistari	1			
Sveinspróf	2		1	

Starfsmenn aðrir en kennarar voru 20. Af þessum 20 starfsmönnum voru 9 í fullu starfi og 6 til viðbótar í meira en hálfu starfi.

Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir 2017 eru 483. Á árinu 2017 skilaði skólinn 453 ársnendum.

Húsnæði Fjölbautaskóla Vesturlands

Aðalbygging skólans við Vogabraut 5

Kennslustofur	2.189,43	m ²
Trésmíðaverkstæði	440,20	m ²
Skrifstofur, kennarastofa	635,99	m ²
Salur	449,70	m ²
Mötuneyti	106,45	m ²
Bókasafn	237,73	m ²
Tölvuver hjá bókasafni	84,60	m ²
Þakrými, lofræstirými	660,63	m ²
Önnur svæði	1.532,47	m ²
Samtals	6.337,20	m ²

Málmiðnahús við Vogabraut 5

Kennslustofur	315,20	m ²
Málmsmíða og vélaverkstæði	487,54	m ²
Önnur svæði	189,24	m ²
Samtals	991,98	m ²

Heimavistarhús við Vogabraut 4

Íbúð vistarstjóra	74,85	m ²
Herbergi nemenda	828,80	m ²
Þakrými, lofræstirými	122,55	m ²
Önnur svæði	227,90	m ²
Samtals	1.254,10	m ²

Heildarstærð alls húsnæðis er 8.583,28 m²



Brautskráningarárhöfn á vorönn 2017 var 27. maí. Þá voru 72 nemendur brautskráðir frá skólanum. Þar af höfðu 29 lokið stúdentsprófi, 1 lokið ársnámi sem skiptinemi, 18 lokið burtfararprófi af iðnbraut, 3 lokið burtfararprófi af starfsbraut, 15 lokið burtfararprófi af sjúkraliðabraut, 2 lokið meistaranámi í vélvirkjun og 1 í skrúðgarðyrkju og 3 bæði lokið stúdentsprófi og burtfararprófi af iðnbraut.

Brautskráningarárathöfn á haustönn 2017 var 21. desember. Þá voru brautskráðir 62 nemendur. Þar af höfðu 29 lokið stúdentsprófi og 13 lokið burtfararprófi af iðnbraut, 1 lokið burtfararprófi í rafvirkjun og 1 í bifvélavirkjun, 3 lokið meistaránámi af iðnbraut, 13 lokið burtfararprófi af sjúkraliðabraut og 2 lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs eftir nám í iðn- og listgreinum.

Á árinu 2017 voru alls 134 nemendur brautskráðir frá skólanum.

Um miðjan október 2017 voru 539 nemendur í skólanum og voru nokkuð færri en voru í skólanum haustönn 2016. Þeir skiptust á brautir sem hér segir:

Brautabré	BB	25	=	5%
Almennt nám alls		25	=	5%
Félagsfræðabraut	FÉ	1	=	0%
Félagsfræðabraut (3. ára braut)	FÉL	81	=	15%
Málabraut	MB	3	=	1%
Náttúrufræðibraut	NÁ	3	=	1%
Náttúrufræðabraut (3. ára braut)	NÁT	107	=	20%
Opin stúdentsbraut (3. ára braut)	OS	72	=	13%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VSS	5	=	1%
Stúdentsnám alls		272	=	50%
Grunnnám rafiðna	GR	25	=	5%
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	GBM	2	=	0%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	23	=	4%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	1	=	0%
Námsbraut í húasmíði	HÚS	19	=	4%
Námsbraut í húasmíði	HÚ8	22	=	4%
Námsbraut í húsgagnasmíði	HS8	3	=	1%
Grunnnám málmiðna	MG	41	=	8%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	28	=	5%
Iðnnám alls		158	=	30%
Starfsbraut	ST4	19	=	4%
Starfsbraut alls		19	=	4%
Sjúkraliðabraut	SJ	39	=	7%
Meistaraskóli	MAH	17	=	4%
Ótilgreint nám	ÓTN	1	=	0%
Aðrar brautir alls		57	=	11%



Í hópi nemenda á haustönn 2017 voru karlar/piltar 301 en konur/stúlkur 238. Um 78% nemenda voru frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit og um 22% annars staðar að. Töflurnar sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri bæði á vorönn og haustönn 2017.

Lögheimili	Vorönn 2017	Haustönn 2017
Akranes	73%	72%
Hvalfjarðarsveit	5%	6%
Borgarbyggð	8%	8%
Aðrir staðir á Vesturlandi	4%	4%
Utan Vesturlands	10%	10%

Fæðingarár	Vorönn 2017	Haustönn 2017
2001		22%
2000		19%
1999		18%
1998		21%
1997		19%
1996		16%
1995		11%
1994		9%
1993		4%
Fyrir 1997	35%	26%

2. Námsframboð á árinu 2017

Á vorönn 2017 var námsframboð eftifarandi:

Almennt nám: Bautabréu (BB).

Nám til stúdentsprófs: Félagsfræðabraut (FÉ og FÉL ný braut), Málabraut (MB), Náttúrufræðibraut (NÁ og NÁT ný braut), Opin stúdentsbraut (OS ný braut), Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS).

Iðnnám: Grunnnám rafiðna (GR), Námsbraut í rafvirkjun (RK8), Námsbraut í rafvirkjun (RK9), Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM), Námsbraut í húsasmíði (HÚ8), Námsbraut í húsgagnasmíði (HS8), Grunnnám málmiðna (MG), Námsbraut í vélvirkjun (VS8).

Starfstengt nám annað en iðnnám: Sjúkraliðabraut (SJ).

Nám fyrir fatlaða: Starfsbraut (ST4).

Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann: Ótilgreint nám (ÓTN).

Nám fyrir iðnmeistara, almennar greinar (MHA).

Á haustönn 2017 var námsframboð eftifarandi:

Almennt nám: Brautabréu (BB).

Nám til stúdentsprófs: Félagsfræðabraut (FÉL), Náttúrufræðibraut (NÁT), Opin stúdentsbraut (OS), Viðbótanám til stúdentsprófs (VSS).

Iðnnám: Grunnnám rafiðna (GR), Námsbraut í rafvirkjun (RK8), Grunndeild bíliðngreina (GM), Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM), Námsbraut í húsasmíði (HÚ8), Námsbraut í húsgagnasmíði (HS8), Grunnnám málmiðna (MG), Námsbraut í vélvirkjun (VS8).

Starfstengt nám annað en iðnnám: Sjúkraliðabraut (SJ).

Nám fyrir fatlaða: Starfsbraut (ST4).

Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann: Ótilgreint nám (ÓTN).

Nám fyrir iðnmeistara, almennar greinar (MHA).

Í kafla eitt kemur fram hvernig nemendur skiptust á námsbrautir. Námsframboð á árinu 2017 var miðað við ungt fólk sem mætir í skóla á dagvinnutíma nema á sjúkraliðabraut þar sem kennsla var sniðin að þörfum fullorðinna sem stunduðu nám með vinnu. Á málmiðnabrautum (MG og VS8) og í húsasmíði (GBM og HÚ8) var bæði boðið upp á kennslu á dagvinnutíma og utan hans fyrir fullorðna nemendur sem stunda nám með vinnu, nemendur í meistaranámi stunda nám fyrir utan dagvinnu.

3. Stefna ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Á árinu 2017 var unnið eftir stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára. Í stefnunni kemur fram hlutverk og framtíðarsýn skólans, kjarnastarfsemi og rekstrarlegir þættir. Hér á eftir eru þessir þættir taldir upp og gerð grein fyrir í hvaða aðgerðir verður ráðist til að ná fram settum markmiðum.

**1 Hlutverk og framtíðarsýn**

Hlutverk FVA er bjóða upp á fjölbreyt bók-, list- og starfisnám. Í skólanum er leitast við að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þáttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi, störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám. Framtíðasýn skólans er að styrkja stöðu sína sem framhaldsskóli í fremsu röð, þar sem leitast er við að mæta ólikum áhugasviðum og hafileikum nemenda, vikka sjóndeildahring þeirra, styrkja gagnrýma og skapandi hugsun, legja rákt við persónulegan þroska og siðgæðisvitund og efla mannskilning, tillitssemi og virðingu fyrir fólk og umhverfi. Stefna Fjölbautaskóla Vesturlands, samkvæmt núverandi skólanámskrá, er í fyrsta lagi að veita öllum nemendum sínum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, viðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirmi, vandvirkní og góð virðingu fyrir hverjum einstakling og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.¹

2 Kjarnastarfsemi

FVA leitast við að bjóða öllum nemendum á Vesturlandi nám á fjölbreyttum brautum, sem hæfir nemendum með mismunandi getu og þarfir og margvisleg áhugamál.

Skólinn er áfangaskóli sem í dag byður jöfnum höndum upp á verk- og bóknám; brautir til stúdentsprófs, brautir til starfsréttinda, styttri brautir og starfsbraut. Haustið 2016 var boðið upp á nám á þremur nýjum priggja ára stúdentsbrautum (félagsfriðabraut, náttúrufræðabraut og opin stúdentsbraut), starfsbraut fyrir fatlaða, brautabréu fyrir pá sem ekki ná inntökusílyrðum á aðrar brautir, nám í grunndeild 5 iðngreina auk náms í 4 iðngreinum til sveinprófs.

FVA býður upp á öflugt dreifnám fyrir eldri nemendur í starfsnámi.

Skólinn rekur mótuneyti fyrir nemendur og starfsmenn auk heimavistar með 30 tveggja manna herbergjum.

Inntökusílyrði á einstaka námsbrautir eru tilgreind á vef skólans svo og kröfur um námsframvíndu. Skólanámskrá skólans er birt á vef hans. Almennur hluti hennar var síðast endurskoðaður í heild í júní 2016.

Skólinn er aðili að Fjarmenntaskólanum.

¹ Nystofnað gæðaráð skólans vinnur nú að nýrrí útfærslu skólanámskráar þar sem tilgreindar verða megin áherslur (3-5) sem munu einkenna stefnu og starf skólans fyrir stefnumáibilið 2017-2022. Áherslurnar munu verðar útfærðar nánar með markmiðum og aðgerðum sem beinast að kjarnastarfseini FVA, námi og kennslu og þátttöku í samfélagi og atvinnulífi, sem og mannaúðinum sem starf skólans byggir á.



Í samstarfi við Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstað er FVA með íþróttaafréksmendur í þróttum. FVA býður upp á nám á tónlistarsviði opinnaðar stúdentsbrautarí samstarfi við Tónlistarskóla Akraness. Skólinn er aðili að Stóriðjuskóla Norðuráls í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

Gert er ráð fyrir að 493 ársnemendur stundi nám við skólanum á árinu 2016.

Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnum að markmiðum stjórnvalda um aðgang að fjölbreyttu námsframboði sem uppfyllir viðmið um gæði, þ.m.t. starfsnámi, og að nemendur ljúki námi á tilskildum tíma miðað við aðalnámskrá 2011.

Markmið 1

Tengist markmiðið málaflokkks					
Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019
Endurnýjun á tækjabúnaði í verknámi ² (sjá fylgiskjal 1)	2016	2021	20.000.000	20.000.000	10.000.000
Innleidning fjölbreyttari kennsluháttar og námsefnis ³	2016	2019	1.200.000	1.200.000	0
Bjóða upp á fjölbreyttara listnám ⁴	2016	2019	3.000.000	0	0
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018

² Leggja þarf rækt við iðn- og verkmenntun og skólinn fór af stað með málmiðngreinaátaska á vorönn 2016. Mikil þörf er á endurnýjun tækjabúnaðar og aðstöðu fyrir málmiðngreinar. Innan FVA búa málmiðngreinfarir á síðustu árum hafa leitt til þess að nauðsynlegt er fyrir skólanum að fjarfesta í nýjum tækjabúnaði fyrir málmiðngreinadeild skólans. Leggja þarf rækt við málmiðngreinar og tryggja að þær verði áfram mikilvæg stoð í atvinnulífi Vesturlands og séu ein af forsendum fyrir auknum tækifærum í iðn- og verkmenntun og menntun á háskólastigi. Þannig fléttast saman mennta- og atvinnumál. FVA býður upp á gott og vandað nám í iðn- og verkgeinum og tilkoma nýrra fyrirtækjía á Grundartangasvæðinu mun enn auka þörfina fyrir iðn- og verkmenntað fólk. Við sjóndeildarhringinn eru ný og spennandi tækifæri og því nauðsynlegt að taka höndum saman í átaki um endurnýjun aðstöðu og búnaðar við málmiðngreinadeild FVA.

³ Um er að ræða tveggja ára þróunarverkefni sem byggir á markvissri starfssþróun kennara og starfssþróunáætlunum skólans sem gæðaráð vinnur nú að. Stoðnað hefur verið fagráð kennara sem hefur umsjón með þessu verkefni.

⁴ Á opinna stúdentsbraut FVA er ekki boðið upp á almennit listnám á framhaldsskólastigi, FVA vill því koma til móts við nemendur sem áhuga hafa á listnámi með því að sejja á fót listinámsvöð með fjölbreyttari listgreinum. Faghlópur verður stofnaður á vorönn 2017 til að setja saman listnámsbraut þar sem boðið verði upp á grummenntun á svíði sjónlista og svíðslista, auk tónlistar. Stúdentsþróf af brautinni nyttist í framhaldsnámi í öllum listgreinum auk flestra greina hug- og félagsvísinda auk þess sem brautin veitir nemendum góðan undirbúnung undir nám og störf í viðu samhengi.



VESTURLANDS					
Aðstaða til verknáms uppfylli kröfur atvinnulífsins	Innra mat; ánægjukönnun meðal hagsmunaaðila: „Hvernig uppfyllir aðstaða til verknáms kröfur atvinnulífs, á bilinu 1-6?“	Undirbúningur	Mælikvarði skilgreindur og staðan reiknuð	Fer eftir stöðu 2017	Fer eftir stöðu 2018
Viðhorf nemenda til kennsluháttar og námsefnis	Innra mat; kennslukannanir: „Kennariinn í áfanganum notar fjölbreyttar kennsluaðferðir, á bilinu 1-6“ og „Ég er ánægð/ánægður með námsgögnin sem eru notuð í áfanganum, á bilinu 1-6“.	Mælikvarði skilgreindur og staðan reiknuð	Fer eftir stöðu 2016	Fer eftir stöðu 2017	Fer eftir stöðu 2018
Hlutfall nýnema sem sækir um nám í verk- og starfsmáni	Innritunargögn	23%	22,5%	24%	25%
Tengist markmiði málafloks					
Markmið: Gæðum náms sé viðhaldið svo nemendur séu vel undirbúnir fyrir áframhaldandi nám og sérhæfð störf					
Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019
Mótud heildstæð stefna um nám og kennslu. Stefnan taki m.a. til þróunar kennsluháttar, mats á gæðum kennslu og endurmennunar. Stefnan verður stöðutekin og endurskoðuð ef þurfa þykir. Gera gæðahandbók fyrir alla starfsemi skólastans. Gæðahandbókin verður endurskoðuð reglulega. Endurskoða innra mat til þess að bæta skólastarf og gera hagsmunaaðilum skólastarfð sýnilegra	2016	2019			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018
Fjöldi stefna sem snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal	Stefnur FVA á heimasíðu skólans	Fyrstu stefnuskjöl búin til	Lokið		



VESTURLANDS					
Markmið 3		Tengist markniði málaflokks			
Minnka brotthvarf úr námi		Markmið: Fleiri nemendur ljúki prófi á tilsettum tíma			
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018
Skima fyrir brotthvarfi meðal allra nýnema, úrvinnsla og eftirfylgni	2016	2019	0	0	0
Stuðningur við nemendur með annað móðurmál og nemendur með dyslexíu verði aukinn	2017	2019	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Efla stoðþjónustu með skólahjúkrun í samstarfi við heilbrigðispjónustu	2016	2019	1.200.000	1.200.000	1.200.000

⁵Nýstofnað gæðaráð hefur verið stofnað við skólan, eitt af verkfnum ráðsins er að hafa yfirumsjón með gerð gæðahandbókar. Gæðahandbók á að sýna upphyrgingu skólans og innihalda hverjir berá ábyrgð á hverju, verklagsreglur, ferla og úrbætur. Skjölum er lúta að stjórnskipulagi og stefnu skólans og starfslysingum skal vera lokið 2017. Unnið skal að öðrum skjölum; verklagsreglum, vinnulýsingum, leiðbeiningum, gátlisum og eyðublöðum jöfnum höndum til loka 2019. Gæðahandbókin verður endurskoðuð regulega.

⁶ Gæðaráð vinnur nú að endurskoðun innra mats skólans á grundvelli eftirfarandi atriða: Skilgreining skýrra matsviðmiða; fjölbreytt gagnaöflun og greining gagna; þátttaka allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins; skýr niðurstöður markvisst notaðan við að þróa skólan. Stuðst verður við viðhorfakannanir og beinar mælingar s.s. á kennsluháttum, notkun upplýsingatækni, vinnufriði í kennslustundum, notkun skólabókasáns, skólahjúkrunar, dyslexiúráðgjafar og náms- og starfsráðgjafar. Unnið skal að gerð nýrra viðhorfskannanna og að aðferðafræði og framkvæmd beinra mælinga jöfnum höndum til loka 2019. Matið verður endurskoðað regulega.



VESTURLANDS						
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015 haust vor	Staða 2016 vor	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Hlutfall nýnema sem ljúka fyrsta ári með a.m.k. 40 einingum	Námsferlar nýnema eftir fyrsta ár	76,2%	75,7%	77%	78%	80%
Hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku og nemenda með dyslexíu sem ljúka hverju námsári með a.m.k. 40 einingum	Námsferlar nemenda með annað móðurmál en íslensku og nemenda með dyslexíu	53% erlendra nemenda	50% erlendra nemenda	55%	58%	60%
Hlutfall nemenda sem líður vel í skólanum.	Skólapúlsinn	Fyrsta könnun viðmið skilgreind	Fyrsta könnun viðmið skilgreind	Fer eftir stöðu 2016	Fer eftir stöðu 2017	Fer eftir stöðu 2018
3 Rekstrarþættir						
	Við skólann starfa 43 kennarar í 37 stöðugildum, þar af eru 23 konur í 20 karlar í 17 stöðugildum. Aldurssamsetning kennara er þannig að 17 þeirra eru eldri en 55 ára. 40 kennarar eru með kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Hlutfall yfirstjórnar (skólamistari, aðstoðarskólamistari, áfangastjóri og fjármálastjóri) yngri en 55 ára er 100%. Kynjaskipting yfirstjórnar er 4 konur í fjórum stöðugildum.					
	Skólinn er að setja sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og verða þær í stöðugri endurskoðun. Stefnumar hafa það að markmiði að FVA sé góður vinnustaður sem hefur á að skipa hæfu og óhugasömu starfsmólk, að rekstur sé hagkvæmur og vistvænn og að tryggja faglega starfshætti og stöðugar umbætur. Skólinn mun á næstu árum leggja meiri áherslu á jafnréttisstefnu sína. FVA er heilsueflandi framhaldsskóli og leggur áherslu á heilbrigði líkama og sálar. Skólimn er í umsóknarferli um að vera skóli á grænni grein, þ.e. öðlast rétt til að flagna Grænfánanum.					
	Innra mat skólans. Unnið er að endurskoðun á öllu innra mati skólans. Matið tekur mið af <i>Sameiginlega sjálfsmatsrammanum</i> , CAF (Common Assessment Framework). Gæðaráð var stofnað árið 2016 og hefur það hlutverk að stýra endurskoðuninni.					
	Ytri úttek var gerð á skólanum 2012 og er hún birt á vef skólans ásamt viðbriðgöldum þáverandi skólamistara.					
	Auk þess hefur skólimn, á síðustu tvéimur árum, brugðist við þeim 10 aðgerðum sem nefndar eru í skýrslunni með eftirfarandi hætti:					

**1. „Bínað til kennslu í málmiðgreinum þarf að endurnýja og aðstöðu til kennslu í rafsiðngreinum þarf að bæta.“**

Hafin er endurnýjun á tækjakostí málmiðgreinadeildaðar og stefnt er að því að henni verði lokið innan 5 ára. Aðhald í rekstri stofnunarinnar hefur skapað svigrúm til þessarar endurnýjunar og vonandi verður fjárhagsstaða skólans með þeim hætti að hægt verði að ljúka verkinu. Á áætlun Fasteigna ríkisins er viðhald á húsnæði málmiðgreinadeildaðar sumarið 2017.

2. „Móta þarf steftu um framtíðarhlutverk bókasafnsins og vinna markvísst að eflingu þess sem miðlægrar menningamiðstöðvar í skólanum.“

Lokið hefur verið við tenginu safnsins við Gegni og gott samstarf er við bæjarbókasafnið á Akranesi.

3. „Vinna þarf skipulega að kynningu skólanámskrár til nemenda og gera hana að lífandi plaggi í augum þeirra.“

Skólanámskrá var endurskoðuð vorið 2016 og borin undir fulltrúa nemenda í skólanefnd. Einstakir hlutar skólanámskrár voru kynntir nemendum í umsjónartínum. Auk þess var haldinn þjóðfundur með öllum nemendum og starfsmönnum skólans vorið 2016 þar sem hlutar skólanámskrár voru til umfjöllunar.

4. „Móta þarf steftu um framtíðarskipan námsmats, einkum fyrirkomulag og framkvæmd þess aukna símat sem mælt er fyrir um í nýrri aðalnámskrá.“

Stofnaður var starfshópur kennara á haustönn 2016 um fjölbreytta kennsluhætti og framtíðarskipan námsmats.

5. „Seiða þarf fram markvissa umbóta- og þróunaráætlun til að fylgja eftir árelegu sjálfssmai skólans.“

2016 var gæðaráð stofnað við skólan, eitt af hlutverkum þess er að vinna að umbóta- og þróunaraætlun í tengslum við sjálfssmat skólans. Auk þess var ráðinn verkefnastjóri innra mats.

6. „Koma þarf upp skýrum viðmiðum um árangur á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur að sjálfssmati skólans. Viðmiðin verði gerð sýnileg kennurum, nemendum og foreldrum.“

Verið er að vinna í endurskoðun innra mats og eftirfylgni þess.

7. „Leggja þarf sérstaka raekt við félags- og námslegar aðstæður nemenda af erlendum uppruna með það að markmiði að bæta gengi þeirra.“

Síðustu tvö ár hefur nemendum af erlendum uppruna verið boðið uppá nám í íslensku og stuðning við annað nám, 4 klst. á viku.

8. „Forföll frá kennslu eru of mikil og þau koma niður á rétti nemenda til náms. Á vandanum þarf að taka af meiri festu framvegis.“

Skólinn hefur gert samning við Vinnuvernd og ráðið trúnaðariþekni á þeirra vegum, meðal annars til að taka á þessum vanda.

9. „Koma þarf á formlegu og virku samstarfi kennara og stjórnenda framhaldsskólanna priggja á Vesturlandi, meðal annars með það að markmiði að skýra verkaskiptingu milli skólanna og stuðla að greiðu fleði nemenda á milli þeirra.“

Stjórnendur framhaldsskólanna priggja á Vesturlandi hittast regulega og bera saman bækur sunar. Auk þess eru allir þessir skólar hluti af Fjarmenntaskólanum. Til stendur að starfsfólk skólanna priggja hittist á sameiginlegum starfsdegi.

10. „Leggja þarf umtalsvert fé i endurbetur á heimavistarhúsi skólans.“

Unnið er að endurbótum á heimavistarhúsi skólans. Tvö herbergi hafa verið tekin undir sameiginlegt rými og eldunaraðstöðu fyrir nemendur og stefnt er að verklokum á vorönn 2017. Verið er að endurnýja innanstokksmuni jafnt og þétt.



Markmið 1	Efling mannaúðs	Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019
Aðgerðir						
Endurskoðun og breytingar á skipuriti og skipulagi skólans (deildarstjórn/innkaup/ræsting) ⁷	2017	2018	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000
Innleiða regluleg starfsmannasamtöl og eftiryfigni til umbóta	2016	2019	0	0	0	0
Endurskoðun á frammistöðumati og starfsþróunaráætlunum	2016	2019	0	0	0	0
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Ánaegja starfsmanna með frammistöðu skólans þegar kemur að stjórnun, starfsanda, launakjörum, vinnuskilyrðum, sveigjanleika og sjálftæði í starfi, ímynd stofnunar og jafnrétti	Niðurstöður SFR könnunar á fyrirtæki ársins	Eftir er að leggja könnun fyrir	Fer eftir stöðu 2016	Fer eftir stöðu 2017	Fer eftir stöðu 2017	Fer eftir stöðu 2018
Fjöldi starfsmannasamtala á ári	Gögn um innra mat	16	11	U.þ.b. 25	U.þ.b. 25	U.þ.b. 25
Fjöldi starfslýsinga og starfsþróunaráætlana	Gæða- og starfsmannahandbók			Starfs- lýsingum lokið	Starfs-þróunar- áætlunum lokið	
Markmið 2	Faglegri starfshættir og stöðugar umhætur					
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019
Endurskoðun rekstrar heimavistar	2017	2019	-800.000	-800.000	-800.000	-800.000
Endurskoðun innkaupaáætlana kennsluefnis	2016	2019	-1.000.000	-1.000.000	-1.000.000	-1.000.000
Gerð skjalavistunaráætlunar	2017	2019	500.000	500.000	500.000	500.000

⁷ Stefnt er að því að endurskoða starfssvið millistjórnenda með tilliti til aukins vægis dreifstýringar.



VESTURLANDS						
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Hagnaður/tap af rekstri heimavistar	Launa- og rekstrarbókhald	-55.217	284.312			
Innkaup á kennsluefni	Rekstrarbókhald	8.593.454	9.993.417			
Kostnaður við gerð skjalavistunarfætlunar	Rekstrarbókhald	0	0			
Markmið 3	Bætt hjónusta við hagsmunaaðila					
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019
Endurskoða skipulag og hjónustu skrifstofu til umbóta		2017	2018	0	0	0
Aðgangur nemenda og starfsmanna að Office 365		2016	2017	500.000	0	0
Sjö skref í átt að aukinni umhverfisvitund og sjálfbærni		2016	2019	1.500.000	1.000.000	1.000.000
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Hlutfall þeirra, sem notfæra sér helst hjónustu skrifstofu, sem eru að jafnaði (árlegt hlutfall) mjög jákvæðir aðspurðir spurningarinnar „Hvernig líkar þér hjónusta skrifstofunnar, á bilinu 1-6?“	Niðurstöður úr viðhorfskönnunum nemenda, foreldra og stafsmanna			Eftir er að leggja kamanir fyrir	Fer eftir stöðu 2017	Fer eftir stöðu 2018
Hlutfall þeirra sem hafa aðgang að Office 365	Skýrsla umsjónarmanns tölvukerfis					
Fjöldi skrefa í átt að umhverfisviðurkenningu (Grænfan)	Skýrsla umhverfisnefndar					

4. Umbótaþættir eftir sjálfsmat

Mat á starfi skólans var unnið á árinu samkvæmt áætlun og voru eftirtaldir þættir skólastarfsins teknir til skoðunar:

- Á vorönn 2017 var kennslumat hjá þriðjungi kennara skólans. Frá og með haustönn 2017 er kennslukönnun lögð fyrir alla nemendur skólans í öllum hópum hjá öllum kennurum.
- Námsárangri, skólasókn, nemendafjöldi og skiptingu hans eftir brautum, kyni, búsetu og brottfalli.
- Viðhorf útskriftanema vor 2017.
- Viðhorf útskrifaðra nemenda.
- Viðhorf foreldra nemenda undir 18 ára.
- Skólapúlsinn var á haustönn 2016 og verður aftur á haustönn 2018.

Störf níu kennara voru metin á vorönn 2017. Á haustönn 2017 var gerð sú breyting að allir kennrarar fór í mat. Kennslukönnun var lögð fyrir í Innu. Könnunin var lögð fyrir alla nemendur skólans í öllum hópum.

Námsframboð og skipulag kennslu á hverri önn tekur mið af niðurstöðum mats á námsárangri, nemendafjölda, nýtingu á kennslu og brottfalli.

Niðurstöður viðhorfskannana má nálgast á vef skólans <http://fva.is/index.php/innramat>.

Heildarskýrslu um innra mat á starfi skólans var síðast skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í júní 2016. Skýrslan liggur frammi á vefnum http://www.fva.is/images/innramat/sjalfsmatsskyrsla_fva_2016.pdf

Skýrsla fyrir 2016-2017 er í lokavinnslu og verður komin á vef skólans fyrir annarlok.

5. Úttektir

Ytri úttekt var gerð á skólanum á vorönn 2017. Skýrslu úttektaaðila má finna á vef skólans http://fva.is/attachments/article/407/uttekt_a_starfsemi%20FVA_2017.pdf

Viðbrögð skólameistara við ytri úttekt má einnig finna á vef skólans

http://fva.is/attachments/article/407/vidbrogd_skolameistara_vid_uttekt_a_starfssemi_FVA_2017.pdf.

6. Afkoma, rekstrarstaða

Rekstur skólans gekk mjög vel á árinu 2017. Hagnaður skólans nam 80,2 millj. kr. samanborið við 30,8 millj. kr. hagnað árinu áður.

Sértekjur skólans á árinu námu 46,1 millj. kr. á árinu 2017 samanborið við 49 millj. á árinu 2016. Framlag úr Ríkissjóði til skólans nam 673,3 millj. kr. árið 2017 samanborið við 640 millj. kr. á árinu 2016. Heildargjöld skólans á árinu 2017 námu 650 millj. kr. en á árinu 2016 voru heildargjöldin 664 millj. kr.

Í árslok 2017 námu eignir skólans 182 milljónum og skuldir 66,6 milljónum.

Rekstraráætlun fyrir árið gerði ráð fyrir 41,5 millj. kr. hagnaði á rekstri skólans, en rauntölur urðu 80,2 millj. kr. í hagnað.

Nánari greinargerð fyrir afkomu skólans á árinu er í fylgiskjali 1.

7. Brottfall og námsárangur

Brottfall á vorönn 2017 var 2,8% eininga sem er svipað og á vorönn 2016. Ekki er hægt að taka meðaltal eininga þar sem nemendur á haustönn 2016 voru með blandaða ferla bæði samkvæmt nýrri og eldri námskrá og því bæði með gamlar og nýjar einingar. Meðaleinkunn í skólanum var 6,7 og fallprósenta 17,3%.


Brottfall á haustönn 2017 var 4,5% eininga sem er svipað og á haustönn 2016. Ekki er hægt að taka meðaltal eininga þar sem nemendur á haustönn 2017 voru með blandaða ferla bæði samkvæmt nýrri og eldri námskrá og því bæði með gamlar og nýjar einingar. Meðaleinkunn í skólanum var 6,8 og fallprósentan 15%.



8. Stjórnun

Að yfirstjórn skólans koma, auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Einnig gegna átta kennarar stöðum deildarstjóra og hafa umsjón með faglegu samráði í grein eða greinaflokk.

Skipurit Fjölbautaskóla Vesturlands



Skólanefnd Fjölbautaskóla Vesturlands hélt fundi tvisvar sinnum á vorönn 2017. Þess má geta að skipunartíma skólanefndar lauk 30. apríl 2017 og ekki hefur verið skipuð ný skólanefnd.

Fundargerðir skólanefndar liggja frammi á vef skólans á síðunni
<http://fva.is/index.php/skolanernd>.

Þann 30. apríl 2013 var skipuð ný skólanefnd til fjögurra ára sem hér segir:

- Aðalmenn án tilnefningar eru: Dagbjört Guðmundsdóttir, Reynir Þór Eyvindsson og Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir.
- Aðalmenn tilnefndir af fulltrúaráði Fjölbautaskóla Vesturlands fyrir hönd sveitarfélaga eru: Helena Guttormsdóttir og Hjördís Hjartardóttir.
- Varamenn án tilnefningar eru: Hjördís Garðarsdóttir, Sigríður Víðis Jónsdóttir og Viktor Elvar Viktorsson.
- Varamenn tilnefndir af fulltrúaráði Fjölbautaskóla Vesturlands fyrir hönd sveitarfélaga eru: Anna María Þórðardóttir og Þórdís Þórisdóttir.

9. Samvinna við aðrar stofnanir

Á haustönn 2013 gerðist skólinn aðili að Fjarmenntaskólanum sem er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla utan Reykjavíkursvæðisins.

Skólinn hefur samstarf og samráð við Fjölbautaskóla Suðurlands og Fjölbautaskóla Suðurnesja meðal annars við gerð skólanámskrár.

Skólinn er aðili að Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og á fulltrúa í stjórn hennar. Hann hefur samráð og samstarf við Símenntunarmiðstöðina um ýmislegt sem lýtur að fullorðinsfræðslu. Stærstu samvinnuverkefnin á síðasta ári voru við Stóriðjuskóla Norðuráls.

Skólinn hefur ýmislegt samstarf og samráð við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðasveit og býður upp á kennslu í verklegum greinum fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla.



10. Sérstakar áherslur og markmið skólans

Skólinn leggur áherslu á að koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.

Í drögum að almennum hluta skólanámskrár sem kom út í júní 2016 eru skólanum sett þrjú meginmarkmið sem síðan eru útfærð nánar m.a. með vísun í sex grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá frá 2011. Þessi þrjú meginmarkmið eru að:

- Veita öllum nemendum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, víðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð.
- Vera umhyggjasamur um velferð nemenda og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.
- Bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.

Fylgiskjöl

1. Rekstraryfirlit fyrir árið 2017.
2. Annáll vorannar 2017.
3. Annáll haustannar 2017.
4. Prófill haustannar 2017.

Akranesi 2018

Ágústa E. Ingþórsd.

Ágústa Elín Ingþórssdóttir
skólameistari

Dröfn Viðarsdótt.

Dröfn Viðarsdóttir
aðstoðarskólameistari



Fylgiskjal 1 með ársskýrslu Fjölbautaskóla Vesturlands 2017: Rekstraryfirlit fyrir árið 2017

	2017
Sértekjur	-46.176.889
Aðrar rekstrartekjur	-6.600.000
Markaðar tekjur	0
Dagvinna	341.384.217
Vaktaálag	1.934.521
Aukagreiðslur	5.344.687
Yfirvinna	58.992.511
Launatengd gjöld	97.080.718
Orlofsskuldbinding	-4.034.417
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	269.270
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	196.014
Fundir, námskeið og risna	698.517
Akstur	1.977.652
Tímarit, blöð og bækur	2.383.742
Skrifstofuvörur og áhöld	3.774.013
Aðrar vörur	15.639.057
Tölву- og kerfisfræðiþjónusta	2.059.434
Önnur sérfræðiþjónusta	14.682.631
Sími og ýmis leigugjöld	4.199.366
Prentun, póstur, augl., flutningar	2.345.378
Húsaleiga og aðk. ræsting	84.628.971
Rafmagn og heitt vatn	8.695.194
Verkkaup og byggingavörur	1.019.500
Fasteignagjöld og tryggingar	0
Verkstæði og varahlutir	904.413
Brensluefnir og olíur	0
Tryggingar og skattar	0
Vextir, bætur, skattar	1.697.222
Afskriftir eigna	4.711.082
Tilfærslur	0
Framlag ríkissjóðs	-
	673.329.995
Framlag til afskrifta	-4.711.082
Hagnaður ársins	80.234.273

Fylgiskjal 2 með ársskýrslu Fjölbautaskóla Vesturlands 2017:

Annáll vorannar 2017

Kennsla á vorönn 2017 hófst fimmtudaginn 5. janúar. Kennslu lauk miðvikudaginn 10. maí og síðustu próf voru haldin 19. maí. Önninni lýkur svo þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 72 nemendur sem nú útskrifast hafa fengið skírteini sín afhent.

Í upphafi annar voru nemendur Fjölbautaskólans 503 sem er aðeins færra en á síðustu vorönn.

Eldri nemendur, fæddir 1991 og fyrr, eru um 24% nemenda skólans sem er svipað og á síðustu vorönn. Stærsti hluti fullorðinna nemenda er í svokölluðu dreifnámi. Dreifnámsnemendur eru í fjarnámi en mæta í skólann nokkrum sinnum á önninni, gjarnan á kvöldin og um helgar. Þannig getur fólk sótt skóla en jafnframt stundað vinnu. Dreifnámið hefur einnig gert fólk sem býr utan Akraness mögulegt að ljúka námi þó það sé komið yfir hefðbundinn skólaaldur og sé í fullri vinnu í sinni heimabyggð. Þessir nemendur stunda nám í vélvirkjun, húsasmíði, húsgagnasmíði, sjúkraliðanámi og meistaránámi.

Fjöldi nemenda 16 til 20 ára er aðeins færri en á síðustu vorönn, sem skýrist m.a. af fámennari árgögum. Á þessari önn eru karlar 59% nemenda skólans en konur 41%. Það eru aðeins fleiri konur en karlar á stúdentsbrautum en karlar eru í miklum meirihluta í iðnnáminu og meistaránámi en konur í sjúkraliðanámi.

Nú í lok vorannar láta 3 kennrar af störfum en það er þau Leó Jóhannesson, Tinna Steinþórssdóttir og Minaya Multykh. Eru þessum starfsmönnum færðar þakkir fyrir störf þeirra við skólann. Eiríkur Guðmundsson og Helena Valtýsdóttir koma úr námsleyfi á næstu önn. Steingrímur Benediktsson og Jón Gunnar Axelsson verða í námsleyfi á næsta skólaári og Steinunn Eva Þórðardóttir verður í leyfi á næsta skólaári.

Það var mikið um að vera í skólanum á þessari önn. Meðal þess voru Opnir dagar og árshátíð og stærðfræðikeppnin fyrir grunnskóla.

Mikið starf var unnið í kynningamálum á þessari önn. Við vorum þáttakendur í átakinu Kvennastarf í samstarfi við aðra verknámsskóla og Samtök iðnaðarins. Tilgangur átaksins var að vekja athygli á fjölbreyttum störfum í iðn-, tækni- og verkgreinum og benda á þann kynjamun sem hefur viðgengist í sumum starfsstéttum. Meðal þess sem gert var í átakinu var útgáfa veglegs tímarits þar sem við áttum greinar sem voru skrifaðar af nemendum í hagnýtri fjölmíðlun.



Við tókum þátt í sýningu í Laugardalshöll þar sem Samtök iðnaðarins og framhaldsskólar á öllu landinu kynntu nám og störf. Samhliða því var Íslandsmót iðnnema þar sem við áttum two þátttakendur.

Nemendur tíundu bekkja Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla heimsóttu okkur í febrúar og fengu leiðsögn um skólann í fylgd nemenda Fjölbautaskólans. Kynningin tókst vel og eru nemendum okkar sem tóku þátt í þessu færðar þakkir fyrir þeirra framlag. Nemendur 10. bekkjar Kleppjárnsreykjaskóla heimsóttu okkur einnig á önninni.

Opið hús var haldið í mars þar sem nemendur og forráðamenn gátu komið og kynnt sér skólann. Auk þess fór skólameistari ásamt nemendum í kynningaferðir í grunnskóla á Vesturlandi.

Í febrúar tók hópur nemenda frá okkur þátt í Háskólaherminum, nemendurnir voru two daga í Háskóla Íslands þar sem þeir kynntu sér nám á hinum ýmsu deildum.

Leiklistarklúbburinn setti upp leikritið Ronju Ræningjadóttur, að vanda var þetta flott sýning hjá leiklistarklúbbnum sem fékk góða dóma.

Í mars héldum við þjóðfund með þátttöku nemenda og starfsmanna. Tilgangur þjóðfundarins að þessu sinni var að finna gildi fyrir skólann. Niðurstaða fundarins var að gildi FVA eru Jafnrétti - Virðing - Fjölbreytileiki.

Að vanda stóðu nemendur okkar sig vel á ýmsum sviðum.

Ísak Máni Sævarsson vann verðlaun fyrir bestu stuttmynd á kvíkmyndahátið framhaldsskóla.

Nemendur á starfsbraut urðu í 2. sæti í hæfileikakeppni starfsbrauta þar sem viðfangsefnið var gerð stuttmyndar.

Á síðustu önn var ekki hægt að útkljá hver væri sigurvegari í West Side keppninni sem haldin er milli framhaldsskólanna á Vesturlandi. Það var því haldin aukakeppni nú á þessari önn, lið NFFA náði að vinna bikarinn.

Gettu betur liðið okkar stóð sig vel þó þau hafi ekki komist alla leið í sjónvarpið að þessu sinni.

Á þessari önn höfum við haldið áfram að endurnýja og bæta aðstöðu nemenda og kennslubúnað. Meðal þess sem gert hefur verið er ný setustofa og sameiginleg eldunaraðstaða á heimavist, nýr og mjög fullkominn tölvufræsari fyrir málmiðngreinar og í sumar kemur til landsins nýr rennibekkur einnig fyrir málmiðngreinar.

Aðalstjórn nemendafélagsins nú á vorönn var skipuð eftirtöldum nemendum: Jón Hjörvar Valgarðsson var þá kosinn formaður nemendafélagsins. Með honum í stjórn eru Stefanía Berg Steinarsdóttir, Bjarki Aron Sigurðsson, Hrafnhildur Arin Sigfúsdóttir, Brynja Rún Björnsdóttir, Ólafur Valur Sigurðsson og Guðjón Snær Magnússon

Á þessari önn voru eftirtaldir nemendur í forsvari fyrir klúbba nemendafélagsins: Anna Eze fyrir Viskuklúbb, Sveinn Þór Þorvaldsson fyrir Ljósmyndaklúbb, Halla Margrét Jónsdóttir fyrir



Tónlistarklúbb, Atli Vikar Ingimundarson fyrir Íþróttaklúbb og Brynja Rún Björnsdóttir, Aldís Eir Valgeirs dóttir og Aldís Ísabella Fannarsdóttir fyrir Leiklistarklúbb, Ísak Máni Sævarsson fyrir Kvíkmyndaklúbb og Una Lára Lárusdóttir og Sandra Ósk Alfreðsdóttir fyrir góðgerðarfélagið Eynir.

Við þökkum nemendum fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Ný stjórn nemendafélagsins fyrir næsta skólaár var kosin í apríl. Formaður fyrir næsta skólaár var kjörinn Guðjón Snær Magnússon. Með honum í stjórn verða Aðalbjörg Egilsdóttir, Atli Vikar Ingimundarson, Sandra Ósk Alfreðsdóttir og Tómas Andri Jörgensen. Fulltrúi nýnema í stjórn NFFA verður síðan kosinn í ágúst.

Ein af þeim nýjungum sem teknar hafa verið upp á síðustu tveimur árum er nám á afreksíþróttasviði. Það er unnið í samstarfi við Akraneskaupstað og Íþróttabandalag Akraness. Þar gefst afreksíþróttanemendum kostur á að stunda íþróttir að hluta til á skólatíma. Verkefnið er búið að ganga mjög vel og eru nemendur að útskrifast hér í dag sem stunduðu nám á sviðinu.

Læt ég nú lokið annáli vorannar 2017 og óska ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið nú náð. Þið megið vera stolt af því að hafa lokið námi við Fjölbautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið vinnið gott í framtíðinni.

Dröfn Viðarsdóttir



Fylgiskjal 3 með ársskýrslu Fjölbautaskóla Vesturlands 2017:

Annáll haustannar 2017

Fjölbautaskóli Vesturlands var settur fimmudaginn 17. ágúst. Þá fengu nemendur afhentar stundaskrár. Regluleg kennsla hófst svo föstudaginn 18. ágúst. Síðasti kennsludagur á önninni var 15. desember. Önninni lýkur þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 62 nemendur sem nú ljúka námi hafa verið brautskráðir frá skólanum.

Í upphafi annar var 555 nemandi skráður í skólann. Þetta er svipaður fjöldi og á síðustu haustönn. Fullorðnir nemendur er stór hluti okkar nemenda, 125 nemendur eða um 22% nemenda við skólann stunda svokallað dreifnám, það er stunda nám utan hefðbundins dagvinnutíma. Þessir nemendur stunda nám á sjúkraliðabraut, í húsasmíði, í vélvirkjun og í meistaraskóla.

Af nemendum skólans eru 57% karlmenn og 43% kvenmenn. Það eru þó fleiri konur en karlar á stúdentsbrautum en karlar eru í meirihluta í iðnnámi og konur í sjúkraliðanámi.

Brottfall var tæplega 4% sem er svipað og á undanförnum önnum. Þótt okkur þyki þetta of mikið er þetta frekar lítið samanborið við aðra framhaldsskóla.

Eftirfarandi breytingar verða á starfsliði skólans nú um áramót: Kristján Guðmundur Arngrímsson og Lilja Birkisdóttir láta af störfum við skólann. Er þeim færðar þakkir fyrir þeirra störf við skólann. Bjarnfríður Sveinbjörnsdóttir verður í leyfi á næstu önn.

Í apríl á þessu ári voru kosningar nemendafélagsins. Guðjón Snær Magnússon var þá kosinn formaður nemendafélagsins. Með honum í stjórn eru Aðalbjörg Egilsdóttir, Atli Vikar Ingimundarson, Sandra Ósk Alfreðsdóttir og Tómas Andri Jörgensen. Í ágúst var Árni Þórir Heiðarsson kosinn í stjórnina fyrir hönd nýnema.

Á þessari önn voru eftirtaldir nemendur í forsvari fyrir klúbba nemendafélagsins: Auðunn Ingi Hrólfsson fyrir Viskuklúbb, Davið Orri Arnarson fyrir Ljósmyndaklúbb, Halla Margrét Jónsdóttir fyrir Tónlistarklúbb, Eggert Halldórsson fyrir Íþróttaklúbb, Aðalbjörg Egilsdóttir og Ólöf Gunnarsdóttir fyrir Leiklistarklúbb og Eva María Jónsdóttir, Hjörðís Brynjarsdóttir og Hrafnhildur Arín Sigfúsdóttir fyrir góðgerðarfélagið Eyni.

Það má geta þess að mjög öflugt starf hefur verið í góðgerðarféluginu á þessari önn, þau hafa aflað fjár með margvislegum hætti, m.a. vinnu á Tæknimessu og sölu veitinga. Þau söfnuðu um 240.000 krónum á önnina sem hefur verið varið til styrktar góðra málefna.

Við þökkum nemendum fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Það má segja að skólastarf haustannar hafi verið með hefðbundnum hætti. Við byrjuðum á hefðbundnum nýnemadegi, ferð í Fannahlíð og Langasandssprelli.

12. september á þessu ári varð skólinn 40 ára. Við héldum veglega afmælishátíð af því tilefni laugardaginn 16. september. Þar voru meðal annars haldnir tónleikar þar sem fram komu fyrverandi nemendur skólans. Þar á meðal var hljómsveitin Tíbrá sem var starfandi hér við



skólann fyrir 40 árum síðan. Í tilefni afmælisins var gefið út afmælisrit sem var að stórum hluta skrifað af nemendum skólans undir stjórn kennara.

Í nóvember komu fulltrúar Samtaka rafverktaka og Rafiðnarsambands Íslands, fyrir hönd allra atvinnurekenda og launþega í rafiðnaði, í heimsókn og færðu nemendum á fyrsta ári í rafiðngreinum spjaldtölву að gjöf, en eldri nemendur höfðu fengið sambærilega spjaldtölву á síðasta ári. Tilgangur gjafarinnar er að tryggja að nemendur geti nýtt sér það mikla úrvall af kennsluefni sem er þegar í boði á rafrænu formi.

Eins og í fyrra tókum við þátt í verkefninu "Ég kýs" þar sem nemendur fengu frambjóðendur allra flokka, sem buðu fram til Alþingis, í heimsókn þar sem þeir kynntu stefnuskrá sinna flokka. Einnig fóru fram skuggakosningar meðal nemenda skólans.

Í nóvember var haldin Tæknimessa hér í skólanum í annað sinn. Hún er haldin í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Um 650 ungmenni af elsta stigi grunnskólanna á Vesturlandi tóku þátt. Markmið með Tæknimessu er að kynna það námsframboð sem í boði er í Fjölbautaskóla Vesturlands á sviði iðn- og verkgreina og hvaða tækifæri eru til atvinnu hjá iðn- og tæknifyrtækjum í landshlutanum. Fjölmög fyrirtæki komu og kynntu starfsemi sína og hvers konar störf þau geta boðið.

Í nóvember tóku nemendur í upplýsingatækni þátt í Bebras áskoruninni sem er alþjóðleg áskorun sem byggist á að nemendur leysa krefjandi verkefni sem reyna á rökhugsun og tölvufærni.

Við fengum ýmsa góða gesti í heimsókn. Ástráður, félag læknanema um forvarnir, kom með fræðslu til nemenda. Á forvarnardaginn 4. október kom Pálmar Ragnarsson með fyrirlestur um jákvæð samskipti. Í nóvember komu fulltrúar Kvenréttindafélags Íslands í skólan og gáfu öllum fyrsta árs nemendum bókina "Við ættum öll að vera femínistar". Hugrún, félag háskólanema í læknisfræði, hjúkrunarfræði og sálfræði við Háskóla Íslands, kom með fyrirlestur um geðheilbrigði. Skólinn fékk að gjöf áfengismæli frá minningasjóði Lovísu Hrundar á þessari önn.

West Side var haldið á þessari önn en þar hittast nemendur úr framhaldsskólunum á Vesturlandi. West Side byrjaði á íþróttamóti, síðan tók við spurningakeppni og dansleikur um kvöldið. Þess má geta að FVA vann keppnina í ár.

Heilsueflingarhópur skólans stóð fyrir nokkrum viðburðum fyrir nemendur og kennara. Meðal þess sem boðið var uppá var fimleikaæfing hjá Fimleikafélagi Akraness og Crossfit æfingu hjá Crossfit Ægir.

Á haustönn 2017 var í fjórða sinn boðið upp á áfangann Evrópa menning og mannlíf. Í þeim áfanga fara nemendur í námsferð til Berlínar ásamt kennara sínum Kristínu Kötterheinrich.

Á haustönn 2015 hófum við samstarf við Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstað um íþróttafrekssvið fyrir nemendur sem hafa stundað afreksíþróttir í töluverðan tíma og vilja aukið svigrúm til að stunda íþrótt sína samhliða námi. Þetta samstarf hefur gengið vel og voru á þessari önn 46 nemendur á sviðinu.



Nemendur unnu mörg skemmtileg verkefni á önninni, mig langar að nefna útgáfu tímarits sem nemendur starfsbrautar gáfu út á rafrænu formi. Tímaritið er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Nemendur í efsta áfanga í stærðfræði hafa undanfarnar annir verið með jafningjafræðslu fyrir nemendur í stærðfræði. Þau buðu upp á tíma einu sinni í viku, á þessari önn voru það þau Hlynur Sævar Jónsson, Halla Margrét Jónsdóttir og Karólína Andrea Gísladóttir sem stóðu vaktina.

Ýmislegt fleira gerðist á önninni; haldnir voru dansleikir, kaffihúsakvöld, bingó og fleiri samkomur nemenda. Skammhlaup fór fram í nóvember en það er keppni þar sem öllum nemendum skólans er skipt í 8 lið sem keppa innbyrðis. Það voru að venju útskriftarnemar sem voru liðsstjórar og stjórnuðu þau sínu fólk af röggsemi. Fyrsta dag desembermánaðar var jólaþema þar sem nemendur og kennarar mættu í jólapeysum, með jólasveinahúfur eða annað sem minnti á jólin.

Nokkur skipulagsbreyting var á stundaskrám og námsmatsdögum á þessari önn. Stundaskrá var breytt þannig að nemendur voru nokkrum mínútum styrra í hverjum áfanga í hverri viku þannig að nemendur voru alltaf búin í skólanum klukkan 16. Í staðinn voru allir áfangar með tíma í stundatöflu til 15. desember. Tíminn 4. - 15. desember var í sumum áföngum notaður í hefðbundin próf meðan aðrir notuðu tímann til verkefnavinnu, upprifjunar og fleira.

Rekstur skólans hefur gengið mjög vel á þessu ári. Þá hefur umtalsverðum fjárhæðum verið varið í að endurnýja kennslu- og tækjabúnað skólans sem og aðstöðu nemenda og starfsfólks.

Ég óska ykkur sem útskrifast frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið náð. Þið megið vera stolt af að hafa lokið námi við Fjölbautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur.

Dröfn Viðarsdóttir



Fylgiskjal 4 með ársskýrslu Fjölbautaskóla Vesturlands 2017: Upplýsingar um skólann þ.e. „prófill“

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: Fjölbautaskóli Vesturlands er með um 480 nemendur og 66 starfsmenn í alls um 54 stöðugildum. Skólinn starfar í um 7.330 m² húsnæði auk rúmlega 1.250 m² heimavistar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir 2016 – 2017 eru 483. Á árinu 2017 skilaði skólinn 453 ársnendum.

Námsframboð: Um miðjan október 2017 voru 539 nemendur í skólanum og voru nokkuð færri en voru í skólanum haustönn 2016. Þeir skiptust á brautir sem hér segir:

Brautabréu	BB	25 = 5%
Almennt nám alls		25 = 5%
Félagsfræðabraut	FÉ	1 = 0%
Félagsfræðabraut (3. ára braut)	FÉL	81 = 15%
Málabraut	MB	3 = 1%
Náttúrufræðibraut	NÁ	3 = 1%
Náttúrufræðibraut (3. ára braut)	NÁT	107 = 20%
Opin stúdentsbraut (3. ára braut)	OS	72 = 13%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VSS	5 = 1%
Stúdentsnám alls		272 = 50%
Grunnnám rafiðna	GR	25 = 5%
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	GBM	2 = 0%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	23 = 4%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	1 = 0%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	19 = 4%
Námsbraut í húsasmíði	HÚ8	22 = 4%
Námsbraut í húsgagnasmíði	HS8	3 = 1%
Grunnnám málmiðna	MG	41 = 8%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	28 = 5%
Iðnnám alls		158 = 30%
Starfsbraut	ST4	19 = 4%
Starfsbraut alls		19 = 4%
Sjúkraliðabraut	SJ	39 = 7%



Stefna ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára: Á árinu 2017 var unnið eftir stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára. Í stefnunni kemur fram hlutverk og framtíðarsýn skólans, kjarnastarfsemi og rekstrarlegir þættir og gerð er grein fyrir í hvaða aðgerðir verður ráðist til að ná fram settum markmiðum. Skólinn var samstarfsaðili að Stóriðjuskóla Norðuráls og í upphafi hverrar annar lá fyrir námsframboð og kennslufyrirkomulag eins og stefnt var að. Skólinn var og er þátttakandi í samráðsvettvangi og verkefnastjórn vegna *Tilraunaverkefnis um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi*. Stærsta verkefnið þar er svokölluð Tæknimessa sem haldin verður á tveggja ára fresti.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Við skólann fer fram heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins. Niðurstöður matsins birtast á vef skólans jafnóðum og þær liggja fyrir. Heildarskýrslu um innra mat á starfi skólans var síðast skilað til ráðuneytis í júní 2016. Heildarskýrsla fyrir 2016-2017 verður birt á heimasíðu skólans fyrir annarlok.

Úttektir: Ytri úttekt var gerð á skólanum á vorönn 2017. Skýrslu úttektaðila má finna á vef skólans http://fva.is/attachments/article/407/uttekt_a_starfsemi%20FVA_2017.pdf
Viðbrögð skólameistara við ytri úttekt má einnig finna á vef skólans http://fva.is/attachments/article/407/vidbrogd_skolameistara_vid_uttekt_a_starfssemi_FVA_2017.pdf.

Afkoma, rekstrarstaða: Rekstur skólans gekk mjög vel á árinu 2017. Hagnaður skólans á árinu var 80,2 millj. kr. samanborið við hagnað árið 2016 að fjárhæð 30,8 millj. kr. Viðskiptareikningur við Ríkissjóð er jákvæður um 86,2 milljónir króna (inneign hjá Ríkissjóði).

Brottfall: Brottfall á vorönn 2017 var 2,8% og 4,5% á haustönn 2017.

Stjórnun: Að yfirstjórn skólans koma, auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri.

Samvinna við aðra: Skólinn hefur samstarf og samráð við Fjölbautaskóla Suðurlands, Fjölbautaskóla Suðurnesja og Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Hann tekur þátt í að starfrækja Stóriðjuskóla í samvinnu við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Norðurál ehf. Skólinn hefur líka samvinnu og samráð við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit og býður upp á kennslu í verklegum greinum fyrir nemendum í efstu bekkjum grunnskóla.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Skólinn leggur áherslu á að koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum sem haefir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.